

## Illvirkjar ráða för í Ísrael og á Gaza. Í minningu Omer Hermesh

Eftirlætiskona mín í Ísrael, Efrat Fengison, býður okkur að hlusta á viðtal við Lino, bróður Omer Hermesh, sem, ásamt mörgum fleirum, var drepinn í því blóðbaði, sem her Hamas og Ísraels eru ábyrgir fyrir á samyrkjubúum í grennd við landamæri Gaza. Það er leitun að jafn þroskuðu fólki.

Þau láta berlega í ljósi samúð sína með almenningi, beggja vegna landamæranna. Þau fjalla um blóðbaðið, sem átti sér stað fyrir um mánuði síðan – og enn stendur yfir. Þau lýsa þeim myrkraöflum og illvirkjum, sem ráða för meðal stjórnámálanna og þeirra, sem kippa í spottana. Beggja vegna landamæranna rær fólk „fleyi mannlegrar þjáningar.“ Það er fánýtt að metast um, hver þjáist mest. Það getur ekki orðið samkeppni.

Við útför bróður síns, sagði Lino, sem býr erlendis, m.a.: Ég kvaddi þau margsinns, meðan á hryllingnum stóð. Ég er í þeirri stöðu, að geta hamlað á móti hvötinni til hefnda við þessar skipulögðu blóðsúthellingar. Ég er ekki þess umkominn að dæma þá, sem hlut eiga að máli og finna öðruvísi til (Gyðingar, Arabar og fl.)

Því er það, að innra með mér vaknar samúð og sterk meðaumkun með hinum saklausu, meðaumkun með öllum, sem lifandi eru. Þess vegna dreg ég ekki fána að húni og neita að umbreyta sorg minni í áróður. Ég neita að láta kljúfa mig, ráðskast með mig. Ég neita að gefa frá mér mennskuna og þagga niður bænina innra með mér. Ég sný baki við illskunni sjálfri og erindrekum hennar, harðbrjósta stjórnámálönnum, vopnasölum og meginstraumsfjölmiðlum.

Lion minnir á orð franska skáldsins, Charles Pierre Baudelaire (1821-1867), sem sagði: „Áhrifaríkasta bellibragð Djöfulsins var að sannfæra heiminn um, að hann væri ekki til.“

Efrat og Lino gera líka að umtalsefni samvinnu Hamas og ísraelskra stjórnvalda sem og almenna andúð á Benjamin Netanyahu og Likud stjórn hans. Nýjustu kannanir benda til, að þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar vilji losna við þennan ofstopastríðsmann, sem dreymir um ísraelskt stórveldi. Ísraelar hópast úr landi, en Palestínumenn sitja fastir – nema foringjarnir auðvitað.

Á meðan fangelsa ísraelsk stjórnvöld Palestínumenn á Vesturbakkanum tugum saman- og drepa líka.

Vonandi tekst vinum Hamas og Ísraelsstjórnar í Katar að stöðva blóðbaðið. Peningaflæðið mætti einnig stöðva. Leyniþjónusta Bandaríkjanna, CIA, og Ísraels, Mossad, funda í Katar.

Það hlýtur senn að koma að því, að illvirkjarnir beggja vegna stefni á vinafund og skáli fyrir velheppnuðum harmleiki í þágu bandarískrar-ísraelskrar-breskrar heimsvaldastefnu með trúarlegu ívafi, þ.e. góðu Gyðingarnir og vondu Múhameðstrúarmennirnir.

Svart-hvíta stefið lætur vel í eyrum Vesturlandabúa. Við skulum hafa þetta einfalt, í svart-hvítu. Yfirvöld á Gaza og í Ísrael gefa í raun réttir dauðan og djöfulinn í þjóðir sínar.

Nú eru vísbendingar um, að bandarísk stjórnvöld finni til óþæginda og vilji losa sig við vin sinn, Benjamin, sbr. umfjöllun í Washington Post og víðar. Hann er orðinn íþyngjandi.

Einu sinni var Benjamin þóknanlegur bandarískum yfirvöldum og þau leyfði honum að vefja sér um fingur eins og Benjamin komst að orði. Hvernig sem því er farið, halda Bandaríkjamenn og Bretar áfram að senda Ísraelum hergögn og Hamas verslar grimmt fyrir (hjálpar)sjóðina frá Katar og fleiri ríkjum.

En væntanlega eru útpenslu- og stríðsáætlanir þeirra, „Hreini skurðurinn“ (Clean Cut), enn í fullu gildi. Skorið hefur verið í Írak og Sírlandi, enda þótt skurðurinn sé hvergi nærri hreinn. Því verki er ólokið. Frelsi, öryggi og lýðræði er hvergi nærri tryggt. En það var yfirlýstur tilgangur árása á ríkin. Olían er kaupauki.

Svo þarf að yfirbuga Líbanon og Íran. Í síðar nefnda ríkinu ber brýna nauðsyn til að uppræta kúgun kvenna með blæjur.

Benjamin (Likud) ruddi Yitzak Rabin (1922-1995) og Yasser Arafat (1929-2004) úr vegi. Þeir lögðu raunveruleg drög að tveggja ríkja lausninni í verki, enda þótt Alþjóðabankinn neitaði um lán til innviðauppbyggingar og þróun í friðarátt. Auðvaldið, sem honum stjórnar, vill fyrir engan mun frið heldur útpenslu, auðlindastuld og vopnasölu.

Kannski Benjamin verði fljótlega látinn berast á banaspjótum, annað hvort af almenningi í Ísrael eða bandamönnum sínum.

Bandaríkjamaðurinn, Daniel Levy, samningamaður Ísraels í Ósló forðum daga, kallar herkvína um Palestínumenn, „flinn í herberginu,“ sem heftir þróun lýðræðis í Ísrael og stuðar að almennri uppreisn gegn stjórnvöldum.

Það gæti jafnvel svo farið, að Benjamin yrði dreginn fyrir sama dómstól og Vesturlandabúar vilja draga Vladimir Putin. Vladimir fyrir að ræna „rússneskum“ börnum í Úkraínu, Benjamin fyrir þjóðarmorð og aðskilnaðarstefnu (apartheid). Það hefur hálfur tugur ríkja farið fram á.

<https://www.globalresearch.ca/clean-break-doctrine-war-havoc-middle-east/5713632>

[https://www.youtube.com/watch?v=v6QV5p3q\\_Z8](https://www.youtube.com/watch?v=v6QV5p3q_Z8)

<https://www.youtube.com/watch?v=6TAMhvQt-Ls>

<https://www.globalresearch.ca/historical-analysis-1897-present-crimes-committed-against-the-people-of-palestine-israel-state-sponsor-of-terrorism/5838511>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/11/07/why-israel-wants-to-erase-context-and-history-in-the-war-on-gaza/>

<https://foreignpolicy.com/2018/09/13/the-oslo-accords-are-dead-but-there-is-still-a-path-to-peace-israeli-palestinian-arafat-rabin-clinton/>

<https://ia902909.us.archive.org/7/items/acleanbreak/A%20Clean%20Break%3A%20A%20New%20Strategy%20for%20Securing%20the%20Realm.pdf>

<https://world.time.com/2012/05/02/received-wisdom-how-the-ideology-of-netanyahus-late-father-influenced-the-son/>

[https://korybko.substack.com/p/whys-wapo-blowing-the-whistle-on?utm\\_source=post-email-](https://korybko.substack.com/p/whys-wapo-blowing-the-whistle-on?utm_source=post-email-)

[title&publication\\_id=835783&post\\_id=139223914&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/whys-wapo-blowing-the-whistle-on?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=139223914&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email)

<https://www.washingtonpost.com/world/2023/11/26/netanyahu-hamas-israel-gaza/>

[https://steigan.no/2023/11/fengslede-palestinske-barn-del-1-israels-grusomme-praksis/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2023/11/fengslede-palestinske-barn-del-1-israels-grusomme-praksis/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2023/11/idf-kjente-til-det-faktiske-hovedkvarteret-til-hamas-mens-de-loy-om-al-shifa/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2023/11/idf-kjente-til-det-faktiske-hovedkvarteret-til-hamas-mens-de-loy-om-al-shifa/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://english.wafa.ps/Pages/Details/139579>

<https://english.almayadeen.net/news/politics/-license-to-kill---why-the-icc-will-never-prosecute-netanyahu>

<https://gilbertdoctorow.com/2023/11/25/hamas-has-won-the-war/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/11/24/scott-ritter-hamas-winning-battle-for-gaza/>

<https://www.youtube.com/watch?v=5hhay9hPWl0>

<https://www.theguardian.com/world/2023/nov/21/the-netanyahu-doctrine-how-israels-longest-serving-leader-reshaped-the-country-in-his-image>

<https://english.almayadeen.net/news/politics/israeli-false-narrative-on-palestinian-prisoners-exposed--in>

<https://english.almayadeen.net/news/politics/-israel--massacres-200-refugees-in-un-schools-turned-shelter>

<https://www.youtube.com/watch?v=lsjhw-ixOHs&t=0s>

<https://www.facebook.com/547953161/posts/pfbid0319EA4XTzuCdx3Ub1urZS131yKFPHEoR4aVZhEp31BtdA19sBhcUfDQkA9s4EciE4l/?mibextid=I6gGtw>

<https://www.youtube.com/watch?v=1EM9gmvZZFo>